

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

Auglýsing um kosning ríkisstjóra, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 17. júní 1941, nr. 104.

Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af viðskiptamálaráðherra 12. ágúst 1941, nr. 105.

Lög um húsaleigu, undirskrifuð af ríkisstjóra 8. september 1941, nr. 106.

Bráðabirgðalög um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 107.

Lög um byggingar- og landnámssjóð, undirskrifuð af ríkisstjóra 9. október 1941, nr. 108.

Lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmála-starfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 109.

Lög um fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 110.

Lög um eftirlit með opinberum sjóðum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 111.

Lög um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 112.

Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til aukafundar mánudaginn 13. október 1941, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 113.

Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912, undirskrifuð af ríkisstjóra 18. október 1941, nr. 114.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 37. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um siglingabann brezku herstjórnarinnar í Hvalfirði.

121
15. júlí

Brezka herstjórnin hefur tilkynnt, að allar singlingar um Hvalfjörð skuli bannaðar fyrir innan línu, sem hugsast dregin milli Innra-Hólms (64° 18' 16" N, 21° 55' 52" V) og Kjalarness (64° 13' 52" N, 21° 54' 47" V).

Ef óskað er eftir að sigla skipum inn fyrir ofangreinda línu, verður að leita aðstoðar brezku flotayfirvaldanna í Reykjavík um leiðsögu.

Jafnframt afturkallast tilkynning ríkisstjórnarinnar, dags. 23. desember 1940, birt í 71. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1940, og tilkynning, dags. 6. febrúar 1941, birt í 9. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1941, að því er varðar tálmanir á siglingaleið um Hvalfjörð.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 40. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um umferðatálmanir vegna hernaðaraðgerða brezka setuliðsins í Hvalfirði.

122
30. júlí

Vegna hernaðaraðgerða brezka setuliðsins hefur herstjórnin sett eftirfarandi umferðatálmanir við Hvalfjörð:

1. Bannað er að hafa meðferðis ljósmyndavélar og taka ljósmyndir á svæðinu innan hugsaðrar línu frá Saurbæ á Kjalarnesi að 574 m hæðamerki á Akrafjalli, þaðan